



Minjar í landi Ketilsstaða í Hlíð, Fagradals í Vopnafirði og Bjarnarey Fornleifaskráning



Verbúðartóftir á Syðri-Múlatanga - Múlahöfn

Guðný Zoëga
desember 2007

2007/70



Efnisyfirlit


Inngangur	1
Tilgangur fornleifaskráninga	1
Fornleifaskráning og aðferðir	2
Tegund, hlutverk og heiti	3
Lega.....	3
Staðhættir og lýsing	3
Hættumat.....	3
Heimildir/heimildamenn	3
Fagridalur/Bjarnarey – ágríp af sögu	4
Bjarnarey – fornleifaskrá	7
Torfuland - fornleifaskrá.....	20
Ketilsstaðir – ágríp af sögu	23
Landsendi – fornleifaskrá	24
Múlahöfn – fornleifaskrá	34
Viðauki við fornleifaskrá.....	40
Niðurstöður.....	43
Niðurlag	45
Heimildaskrá	46

Listi yfir myndir

<i>Mynd 1. Björnsbær, tóftir seinasta bæjarins við Miðborg.....</i>	<i>4</i>
<i>Mynd 2. Rústir Hofsskála við Norðurhöfn.</i>	<i>9</i>
<i>Mynd 3. Húsgrunnur, svokölluð Ásbjarnartóft vestan undir Gullborg</i>	<i>11</i>
<i>Mynd 4. Rústahóll sunnarlega á Bjarnarey</i>	<i>15</i>
<i>Mynd 5. Rústabunga</i>	<i>17</i>
<i>Mynd 6. Einfalt garðlag syðst á Bjarnarey.....</i>	<i>18</i>
<i>Mynd 7. Torfa vestast í Torfulandi</i>	<i>20</i>
<i>Mynd 8. Horft til norðurs yfir tún á Landsenda</i>	<i>24</i>
<i>Mynd 9. Leifar forns bæjarstæðis á bökkum neðan túns á Landsenda.....</i>	<i>26</i>
<i>Mynd 10. Fjárhústóft norðan túns á Landsenda.....</i>	<i>29</i>
<i>Mynd 11. Syðri-Múlatangi við Múlahöfn.....</i>	<i>34</i>
<i>Mynd 12. Horft yfir tún og beitarhús á Krakastöðum</i>	<i>40</i>

Inngangur

Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga tók að sér fornleifaskráningu fyrir Náttúrufræðistofu Hjörleifs Guttormssonar sem bar af þeim allan kostnað. Skráningin fór fram í tengslum við skrif Hjörleifs fyrir Ferðafélag Íslands en væntanleg árbók þess 2008 fjallar m.a. um Úthérað. Skoðaðar voru útgerðar- og byggðaleifar í landi Ketilsstaða í Hlíð og Fagradals í Vopnafirði en einnig voru skráðar minjar í Bjarnarey nyrst á Héraðsflóa.



Skráningin fór fram á vettvangi dagana 2.-5. október 2007 undir leiðsögn Hjörleifs Guttormssonar, náttúrufræðings sem einnig las yfir texta. Bryndís Zoëga sá um uppmælingar minja. Sérstakar þakkir fá heimildamenn okkar Jón Andrússon, Árni Magnússon og Kristján Magnússon frá Fagradal og Bergljót Stefánsdóttir og Stefán Geirsson á Ketilsstöðum.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
 - h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
 - i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
- Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.” Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalousu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum.

Það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að hafa yfirlit yfir fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskonunn fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu.

Samsett númer fornleifanna eru þríþætt; í fyrsta lagi er landsnúmer sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Fagridalur 156465, og í öðru lagi númer jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens frá (1847) ¹, 74 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hverrar jarðar; bæjarstæði í Bjarnarey væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Fagridalur 156465 74-1.

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað, ljósmyndum, minjakort eða teikningum eftir því sem við á. Í inngangi með skránni er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir landamerkjum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

¹ J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum eru fornar minjar horfnar, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild” sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornleifarnar sérnafn, t.d. Vatnsbólsgata eða Björnsbær, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lega

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS hnit á vettvangi og þau færð í skrána.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggja minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Einnig er reynt að meta mögulegar afleiðingar áhættuþátta á minjarnar og tillögur gerðar að mótvægisáðgerðum vegna þeirra. Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

Heimildir/heimildamenn

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar. Við skráningu á vettvangi er leitað til heimildamanna eða þeirra sem gerst þekkja landsvæðið sem skráð er og er þeirra getið við viðeigandi skráningar.

Fagridalur/Bjarnarey – ágrip af sögu



Mynd 1. Björnsbær, tóftir seinasta bæjarins við Miðborg. Í syðstu bæjartóftinni var byggður kofi um 1915 sem kallast Sveinsbær. Ljósm. GZ.

Saga

Fagradals er fyrst getið í Vopnfirðingasögu en þangað fluttist Geitir, faðir Þorkels þess sem barðist í Böðvarsdal. Orðrétt segir: „Þórarinn [átt er við Þórarinn Egilsson] var með Geiti um veturinn ok fór útan um sumarit eftir, ok er hann kom út, þá hafði Geitir flutt bústað sinn ok bjó þar, er heitir í Fagradal”.² Fagradals er einnig getið í rekaskrá Skálholtsstaðar frá 1270, þar segir: „attungur i hval fyrir fagradal”.³ Árið 1847 er jörðin eign Hofskirkju en áður var hún í eigu Refsstaðakirkju og segir „[...] og var meðal enna svo kölluðu Stiptisjarða, sem voru lagðar fátækum prestum í Skálholts stipti með tilsk. 3. apríl 1674, og var hún þá talin 10 h. að dýrleika”.⁴

Bjarnarey liggur um einn kílómetra austur frá Standandanesi. Í sóknarlýsingu frá 1840 er eyjan sögð 6 hundruð að dýrleika og tilheyrði hún þá, líkt og Fagridalur, Hofskirkju.⁵ Árið 1912 keypti Sveinn Jónsson Fagradalsjörðina og Bjarnarey árið eftir og hefur eyjan síðan

² *Íslendingasögur* X bindi, bls. 42.

³ *Íslenskt Fornbréfasafn*, II, bls. 72).

⁴ Jarðabók Johnsens, 1847, bls. 353.

⁵ *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar*, 2000, bls. 43.

fylgt Fagradal.⁶ Fyrrum var hún nefnd Gullbjarnarey eftir þjóðsagnapersónunni Gull-birni sem sagan segir hafa verið vellauðugan höfðingja á Landnámsöld. Gull-björn þessi er sagður hafa geymt gull sitt í helli undir eyinni og eru ýmis örnefni honum tengd þar á meðal Gullbjarnarhaugur á Standandanesi þar sem hann á að hafa verið heygður.⁷

Útræði var frá Bjarnarey öldum saman og stundum var sauðfé einnig látið ganga þar sjálfala. Eyjan var byggð á öldum áður en byggðin mun hafa verið stopul fremur en samfelld. Meðal annarra dvaldi þar Jón lærði í um þrjú ár á tímabilinu 1632–1639 eftir að hafa hlotið útleigðardóm á Bessastöðum fyrir meintan galdur. Þegar manntal var tekið 1703 bjuggu í Bjarnarey Þorvarður Ólafsson og Vilborg Jónsdóttir ásamt börnum og vinnukonu. Í hjábýli eru skráð Árni Jónsson og Agnes Jónsdóttir ásamt börnum.⁸ Síðast var búið í eyinni árin 1884–1890. Þar bjuggu þá Björn Guðmundsson, nefndur póstur, Guðrún kona hans og systir hennar Þorgerður.⁹

Náttúrufar og jarðabætur

Fagridalur liggur milli Búrfjalls að vestan og Bæjartinds og Dýjafjalls að austan. Í dalnum eru mýrar og vallendi en í bröttum hlíðum fjallanna er nokkuð um skriður. Gamla túnið var sæmilega grasgefið, að hluta þýft. Engjar voru litlar og lélegar en upprekstrarland mikið og beitarfjörur nokkrar í Kattárdal. Fagridalur var góð hlunnindajörð með reka, selveiði, æðarvarpi og fjörubeit en mótekja var léleg. Útræði var stundað þaðan og þótti gjöfult en lendingin var slæm.

Fagridalur liggur norðvestur/suðaustur og er Kattárdalur nokkru utar á skaganum samsíða honum, en undirlendisræma meðfram sjó skilur að dalina. Við mynni Kattárdals að vestan heitir Skriðufjall en Hólafljall að austan. Kattárdalur er þrengri en Fagridalur en nokkuð gróinn. Heita þar Kolmúlamýrar og liggur frá þeim Kolmúlagil austur á fjallsbrún upp af Múlahöfn. Utan við Kattárvík er Lontahryggur og utan við hann fjöruvík með selalátrum og nefnist Lonti. Þar upp af eru brattar skriður að Torfuhnaus en fremst á honum er graslendi nefnt Torfa. Þaðan var stundað útræði og bera vott um það verbúðatóftir.¹⁰ Utan við heitir Torfusandur og var þar lendingin. Svæðið frá og með Torfu og út að Standandanesi nefnist Torfuland.

Bjarnarey er um 11 ha. að flatarmáli og grasi vaxin ofan fjöru. Hún er vogskorin og eru þar fjórar lendingar, Norðurhöfn, Stillir, Trébás (Trévík) og Fúlavík. Nú er einkum lagst að í tveimur þeim fyrstnefndu, háð vindátt og sjólagi. Fisk- og hákarlaveiði var stunduð frá eyinni fyrrum og eru þar verskálatættur auk ummerkja um fasta búsetu. Vetrararbeit var fyrir nokkrar kindur og stórt æðarvarp er í eyinni.¹¹

⁶ *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, I, bls. 185.

⁷ *Oddný S. Wium. Bjarnarey á Vopnafirði. Í Hlín, Ársriti Íslenskra kvenna. 32. bls. 114. 1950.*

⁸ Manntal 1703, bls. 382.

⁹ Jón Halldórsson, *Múlaþing*, 2000, bls. 62.

¹⁰ *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, I bindi, bls. 185–186. – Hjörleifur Guttormsson. Árbókartexti 2008. Handrit.


¹¹ Sama heimild, bls. 185–186.

Landamerki

Landamerki milli Fagradals og Ketilsstaða fylgja sjónlínunum frá mynni Jökuldals norðan í Hellisheiði um vörðu á Dýjafjalli sjónhendingu út í Litlahnjúk. Frá fjallsbrúninni utan við hann liggja mörkin þvert niður „um klettadranga þá, er mynda dyr á milli sín” í berghleinina Bjarglöng er gengur í sjó skammt utan við Langasand á skaganum austanverðum. Fagradalsmenn nefna klettahlein og stundum jafnframt syðstu fjöruna sín megin Bjargtöng.¹²

¹² Hjörleifur Guttormsson. Árbókartexti 2008. Handrit

Bjarnarey – fornleifaskrá



Yfirlitskort yfir minjar í Bjarnarey

Fagridalur 156465 74 – 1

Sérheiti: Björnsbær

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Tóftaþyrping, hús

Staðsetning: A: 714614,159 N: 595509,371

Ástand: Gott, vegghleðslur standa enn vel og byggt yfir syðsta hluta tóftanna

Hættumat: Lítil hættu

Staðhættir

Þrjár áberandi klettaborgir liggja um eyjuna austanverða, frá sjó á norðaustur hlið hennar til suðurs inn í miðja ey. Heitir nyrsta borgin Gullborg og stendur á henni viti í notkun, byggður 1946 og leifar eldri vita frá 1916. Miðborg liggur um 50m suður af Gullborg og vestan undir henni eru 3 samstæðar tóftir. Tvær nyrðri tóftirnar eru ekki undir þaki en byggt hefur verið yfir syðstu tóftina og mun það vera bygging sú sem Oddný S. Wium greinir frá í grein sinni í Hlín.

Lýsing

Nyrsta tóftin er um 5x3m að innanmáli og hafa dyr verið á henni til austurs. Grjót er enn vel greinilegt í hleðslu og stendur hún nokkuð vel allt að 1m á hæð og 1,5m þykk.

Áföst að sunnan er svo áþekkt tóft um 5x2,5m að innanmáli og hafa dyr verið til austurs.

Veggir tóftanna eru um metri á hæð og um 1,5m þar sem þeir eru þykkastir.

Áföst sunnan við er svo tóft sem byggt hefur verið yfir en hún er farin að líta nokkuð upp á landið. Að utanmáli er tóftin um 3x3m á stærð og standa hleðslur allt upp í 1,5m hæð.

Aðrar upplýsingar

Í grein Oddnýjar S. Wium um Bjarnarey í Vopnafirði segir: „En vestan undir Miðborginni stendur skálinn okkar og er hann byggður upp úr einni af þrem húsatóftum, sem þarna eru og hefur þar vafalaust verið bær, sennilega síðasti mannbústaður í eyinni. –Annars er ósköp af gömlum tóftum þarna, og efast jeg um, að annað eins finnist víða á jafnlitlum bletti. –Talið er í gömlum annálum, að tveir bæir hafi verið í Bjarnarey, einnig hafa verið þarna sjóbúðir. Sennilega hefur Bjarnarey altaf verið álitin hlunnindajörð, því Hofskirkja átti hana og var hún seld föður mínum sem kirkjujörð. Einn skáli er að nafni til uppistandandi, sem heitir Hofsskáli. Við höfum notað hann til að stinga þar inn dúnpokum, þar til þeir eru teknir heim. – Sennilega hefur þessi skáli verið sjóbúð” (Hlín, 115-116).

Grunnurinn mun vera undan húsi sem síðasti ábúandi í eyinni, Björn Guðmundsson, nefndur póstur, byggði og bjó í á árunum 1884-1890. Þetta eru tóftir síðasta bæjarins í eyinni en ekki er hægt að greina ummerki um endurbyggingar eða myndun bæjarhóls eins og búast hefði mátt við ef þarna hefði verið byggt oftar en einu sinni.

Í grunni Björnshúss á að vera steinn sem sagan segir að Jón lærði hafi höggvið í ártölin 1632 og 1635 er hann dvaldi í eyinni. Steinn þessi fannst ekki við skráningu.

Heimildaskrá

Oddný S. Wium. *Bjarnarey á Vopnafirði*. Í Hlín, ársriti íslenzkra kvenna. **32.** bls. 114-119. Akureyri, 1950.

Fagridalur 156465 74 - 2

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Tóftaþyrping

Staðsetning: A: 714635,918 N: 595354,004

Ástand: Slæmt. tóftirnar eru útorafnar af lunda

Hættumat Yfirlit yfir minjar á og við yngsta bæjarstæðið

Staðhættir

Upp og vestur af svokallaðri Skeljavík austast á eyinni og norður af Stilli er mikill og fornlegur bæjarhóll sem ekki ber neitt nafn og engar sögur fara af.

Lýsing

Hóllinn er í raun tvískiptur því að svo virðist sem göng eða gata þverskeri hann austanverðan. Heildarlengd hólsins er 35x18m og liggur hann norðvestur-suðaustur. Margar misglöggar tóftir eru í hólnum en greinilegustu tóftirnar eru vestanvert í honum. Vestast í hólum er tóft um 6x2,5m að innanmáli og virðast dyr hafa verið til suðurs. Tóftin liggur norðaustur-

suðvestur, Fast austan þessarar tóftar er svo önnur tóft sem liggur norðvestur-suðaustur, um 8m löng og 4m breið. Dyr virðast einnig hafa verið á þessari tóft til suðurs. Fast vestan hennar eru svo tvær óleggri en minni tóftir og virðast dyr hafa verið á þeim til austurs. Aftan við þessar tóftir virðist svo vera L-laga herbergi eða tóft, um 7m löng frá norðri til suðurs og um 10m löng frá vestri til austurs. Hún er mest um 3m á breidd. Þó kann að vera að um tvær tóftir sé að ræða þar sem veggjalög eru mjög ógreinileg. Aftan við tóftirnar er svo hóll eða haugur sem kann að vera öskuhaugur bæjarins. Austan ganganna eða götunnar er hóll um 11x11m að utanmáli og í honum eru a.m.k. þrjár mjög óglöggar tóftir.

Aðrar upplýsingar

„[...] Talið er í gömlum annálum að tveir bæir hafi verið í Bjarnarey, einnig hafa verið þarna sjóbúðir“ (Hlín, 115). Tóftirnar eru allar mjög útgrafnar af lunda og eru veggjalög ógreinilegri fyrir vikið.

Heimildaskrá

Oddný S. Wiium. *Bjarnarey á Vopnafirði*. Í Hlín, Ársriti íslenzkra kvenna. 32. bls. 114-119. Akureyri, 1950.

Fagridalur 156465 74 - 3

Sérheiti: Hofsskáli, Skáli

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Rústabunga, tóft

Staðsetning: A: 714539,677 N: 595576,798


Ástand: Slæmt, hóllinn og tóftin eru sundurgrafin af lunda

Hættumat: Mikil hætta vegna lundabyggðar í eyinni

Heimildamaður: Jón Andrésson

Staðhættir

„Sennilega hefur Bjarnarey altaf verið álitin hlunnindajörð, því Hofskirkja átti hana og var hún seld föður mínum sem kirkjujörð. Einn skáli er að nafni til



Mynd 2. Rústir Hofsskála við Norðurhöfn.

uppistandandi, sem heitir Hofsskáli. Við höfum notað hann til að stinga þar inn dúnpokum, þar til þeir eru teknir heim. – Sennilega hefur þessi skáli verið sjóbúð” (Hlín, 115-116).

Um 90m norðvestur af kofanum sem stendur vestan klettaborganna austanvert á eyinni og á suðausturbakka ofan Norðurhafnar liggur dálítill hóll og eru efst á honum leifar smákofa.

Lýsing

Hóllinn er greinilega tilkominn vegna endurbygginga á sama stað. Hann er um 20m langur frá norðri til suðurs og um 12m frá austri til vesturs. Efst á honum eru leifar kofabyggingar og er það kofabygging sú sem Oddný Wíium getur um í grein sinni og nefnir þar Hofsskála. Enn eru leifar af timbri úr þekju en veggir eru annars fallnir. Kofinn hefur verið hálf niðurgraffinn í hólinn og er um 3x2,5m að innanmáli. Veggjahæð er um 40cm. Dyr hafa vitað til vesturs.

Heimildaskrá

Oddný S. Wíium. *Bjarnarey á Vopnafirði*. Í Hlín, Ársriti íslenskra kvenna. **32**. bls. 114-119. Akureyri, 1950.

Fagridalur 156465 74 - 4

Hlutverk: Verbúð

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 714539,83 N: 595624,519

Ástand: Horfið. Húsið mun hafa verið tekið niður og flutt í Fagradal

Heimildamaður: Jón Andrésson

Staðhættir

Í Sveitum og jörðum segir: „Fyrrum var haldið út til fiskjar og hákarlaveiða frá eyinni, og eru þar verskálatættur [...]”. Í búskaparannál segir einnig: „kringum aldamót: Nokkrir menn frá Vfkt.[Vopnafjarðarkaupstað] og Leiðarhöfn höfðu útgerð og verbúð í Bjarnarey”(Sjm, 186).

Nánari lýsing

Dálítill sléttur flötur er á nesi við norðausturhorn eyjarinnar. Þarna mun hafa staðið timburhús sem flutt var út í eyna og notað sem sjóbúð. Í húsinu voru fimm vistarverur og munu Færeyingar, auk Íslendinga, hafa hafst við í húsinu á vertíðum. Ekkert sést nú af húsi þessu annað en sléttur flötur um 9x4m að stærð.

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974. Búnaðarsamband Austurlands.

Fagridalur 156465 74 - 5

Hlutverk: Hænsnakofi

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 714607,703 N: 595492,214

Ástand: Hleðslur standa enn

Hættumat: Lítil hætta

Heimildamaður: Jón Andrésson

Staðhættir

Kofatóft er við syðstu klettaborgina, svokallaða Suðurborg, fyrir miðri eyinni, um 10m suður af yngsta bæjarstæðinu og um 20m suðaustur af kofanum sem nú stendur þarna.

Lýsing

Kofi hefur verið hlaðinn upp við vesturhlið svokallaðrar Miðborgar. Vegghleðslan stendur enn mjög vel og myndar tvo veggj upp við klettinn, vestur og norðurvegg, kletturinn myndar svo suðurvegg en þil hefur vitað til austurs. Vesturveggur er um 2m langur og norðurveggur 3m langur. Veggjaþykkt er 1m og veggur er um 70cm hár.

Fagridalur 156465 74 - 6*Hlutverk:* Óþekkt*Tegund:* Kofi*Staðsetning:* A: 714630,637 N: 595529,538*Ástand:* Hleðslur mjög grónar*Hættumat:* Lítil hætta**Staðhættir**

Leifar af kofatóft liggja norðvestan undir smá klettakolli milli Miðborgar og Gullborgar.

Lýsing

Tóftin er um 2,5x4m að innanmáli og eru veggjalög óveruleg. Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og hafa dyr verið á suðvestur langhlið. Veggir eru algrónir, um 40cm á hæð og 40cm þykkir.

Fagridalur 156465 74 - 7*Hlutverk:* Torftaka?*Tegund:* Niðurgröftur*Staðsetning:* A: 714620,883 N: 595535,364*Heimildamaður:* Jón Andrésson**Staðhættir**

Um miðja vegin milli Gullborgar og Miðborgar er svæði um 8x8m þar sem greinilega hefur verið stunginn upp jarðvegur, etv til torftöku vegna bygginga.

Fagridalur 156465 74 - 8*Sérheiti:* Ásbjarnartóft*Hlutverk:* Húsgrunnur*Tegund:* Tóft, grunnur*Staðsetning:* A: 714610,789

N: 595554,453

Ástand: Hleðslur grónar*Hættumat:* Lítil hætta*Heimildamaður:* Jón Andrésson**Staðhættir**

Vestan undir Gullborg eru hlaðnar leifar húsgrunns.

Lýsing

Grunnurinn liggur norðvestur-suðaustur alls um 9m á lengd og 5m á breidd að utanmáli. Útbrún hans er grjóthlaðin og er um 30cm á hæð og um 30cm á breidd. Norðvestur hluti hans er upphækkaður um 2x2,5m að stærð en sunnanvert er grafinn grunnur um 3x3m að stærð og allt að 2 metrar á dýpt. Í undirstöðum veggjar og í botni grunnsins er grjót en annars er tóftin mjög gróin.



Mynd 3. Húsgrunnur, svokölluð Ásbjarnartóft vestan undir Gullborg
Ljósm. GZ.

Fagridalur 156465 74 - 9*Sérheiti:* Vatnsbólsgata*Hlutverk:* Gata*Tegund:* Leið*Staðsetning:* A: 714581,887 N: 595589,858

Ástand: Sést glögglega á um 50m kafla

Heimildamaður: Jón Andrésson

Staðhættir

Greinileg gata liggur til norðvesturs frá Gullborg niður að vatnsbóli eyjarinnar og mun gatan hafa verið nefnd Vatnsbólsgata.

Fagridalur 156465 74 - 10

Hlutverk: Vatnsból


Tegund: Vatnsból

Staðsetning: A:714583,332 N: 595604,129

Heimildamaður: Jón Andrésson

Staðhættir og lýsing

Um 100m beint norður af kofanum sem nú stendur á eyinni er í fjörunni uppspretta sem notuð mun hafa verið sem vatnsból eyjarinnar, í það minnsta í seinni tíð.



Yfirlitsteikning af verbúðarminjum við Norðurhöfn.

Fagridalur 156465 74 - 11

Hlutverk: Útihús, sjóbúð (?)

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 714559,307 N: 595608,464

Ástand: Grjót enn greinilegt í hleðslum en þær eru útgrafnar af lunda

Hættumat: Mikil hættu vegna lundabyggðar

Staðhættir

Tóft liggur austanvert á nesi, nyrst á eyinni frammi á brekkubrún ofan fjöru.

Lýsing

Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti en lundi hefur grafið út vegg hennar og eru þeir nokkuð úr lagi gengnir. Tóftin liggur norðaustur-suðvestur og hafa dyr verið austast á suðaustur langhlið. Tóftin er um 7x2m að innanmáli og eru veggir um 1m á breidd en um 50cm á hæð. Tóftin virðist standa á nokkurri hækkun sem bendir til að þarna hafi verið byggt oftar en einu sinni.

Fagridalur 156465 74 - 12

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 714518,206 N: 595563,431

Ástand: Grjót enn greinilegt í hleðslum en þær eru útgrafnar af lunda

Hættumat: Mikil hættu vegna lundabyggðar

Staðhættir

Vestan við svokallaðan Hofsskála, upp og suður af Norðurhöfn eru nokkrar tóftaleifar, líklega leifar sjóbúða.

Austust þessara tófta, um 20m suðvestur af Hofsskála, er tóft sem stendur á dálitlum hól.

Lýsing

Tóftin er 3x2m að innanmáli og eru veggir hennar um metri á þykkt og um 40cm á hæð, dyr hafa vitað í norður. Tóftin er grasi gróin en veggir eru mjög úr lagi gengnir vegna lunda. Tóftin liggur á nokkurri upphækkun sem bendir til endurbygginga.

Fagridalur 156465 74 - 13

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 714493,82 N: 595555,121

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hættu vegna lundabyggðar

Staðhættir

Vestan við svokallaðan Hofsskála, upp og suður af Norðurhöfn eru nokkrar tóftaleifar, líklega leifar sjóbúða. Um 40m suðvestur af Hofskálanum er hóll og austast í honum greinileg tóft.

Lýsing

Tóftin er um 3x3m að innanmáli og liggja dyr til vesturs. Veggir eru mjög grónir og tilgengnir vegna lundabyggðar. Veggjapykkt er um 1m og hæð um 70cm. Tóftin, líkt og aðrar tóftir í nágrenninu, liggur á upphækkun sem bendir til að þar hafi verið byggt oftar en einu sinni. Hóllinn sem tóftin er á, liggur austur-vestur og er hann um 10m langur og um 5m breiður.

Fagridalur 156465 74 - 14

Hlutverk: Sjóðbúð, naust?

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 714482,078 N: 595553,586

Ástand: Sæmilegt en veggir mjög útgrafnir af lunda

Hættumat: Mikil hætta vegna lundabyggðar

Staðhættir

Vestan við svokallaðan Hofsskála, upp og suður af Norðurhöfn eru nokkrar tóftaleifar, líklega leifar sjóbúða. Um 60m suðvestur af Hofsskála er tóft.

Lýsing

Tóftin liggur austur-vestur og er um 6x2m að innanmáli. Veggir eru um 80cm háir og um metri á þykkt. Tóftin virðist hafa verið opin eða haft þil til vesturs. Vera kann að um naust eða bátaskýli sé að ræða fremur en sjóbúð.

Fagridalur 156465 74 - 15

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 714492,555 N: 595541,664

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Mikil hætta vegna lundabyggðar

Staðhættir

Vestan við svokallaðan Hofsskála, upp og suður af Norðurhöfn eru nokkrar tóftaleifar, líklega leifar sjóbúða. Um 50m suðvestur af Hofsskála eru leifar tvískiptrar tóftar, líklega Sjóbúðar-eða útihúsatóftar.

Lýsing

Tóftin liggur nánast norður-suður og er 12x6m að utanmáli. Stærri hólfið í tóftinni liggur norður-suður 5x2m að innanmáli. Dyr hafa verið á austur langhlið. Áföst norðan við er smærri tóft sem liggur austur-vestur og dyr eru á henni til vesturs. Líkt og aðrar tóftir við Norðurhöfn liggur tóftin á upphækkun.

Nánari lýsing

Tóftin stendur á upphækkun sem bendir til endurbygginga á sama stað.

Fagridalur 156465 74 - 16

Hlutverk: Hákarlagröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðsetning: A: N:

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Um 28m suðvestur af Hofsskálánunum er hringlaga niðurgröftur.

Lýsing

Niðurgröfturinn er um 3x4m að stærð og allt að metri á dýpt. Grafin renna liggur til norðvesturs frá gröfnni. Líklega er um að ræða hákarlagröf.

Fagridalur 156465 74 - 17

Hlutverk: Æðavarp

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 714484,065 N: 595486,117

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

Heimildamaður: Jón Andrússon

Staðhættir

Um 105m vestur af núverandi aðstöðuhúsi og um 120m vestur af yngsta bæjarstæðinu í eyinni eru leifar upphlaðins hreiðurstæðis.

Lýsing

Töluvert æðarvarp var í Bjarnarey fyrrum og er ummerki þess að finna víða. Vestast á eyinni eru upphlaðin hreiðurstæði sem Jón Andrússon telur að séu frá fyrri hluta 20. aldar. Merki um æðarvarp er víða að finna á eyinni.

Aðrar upplýsingar

„Fyrrum var haldið út til fiskjar og hákarlaveiða frá eyinni, og eru þar verskálatættur, þar var vetrarþeitt fyrir nokkrar kindur, en mest var vert um æðarvarpið sem gaf af sér 30-40 kg dúns, er mest var. Eyjan sést ekki frá bæ í F, og þurfti því að hafa þar gæslumann vorlangt við varpið því að erlendir sjómenn sóttu mjög í það til rána“. (Sjm, 186)

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974. Búnaðarsamband Austurlands.

Fagridalur 156465 74 - 18

Hlutverk: Sjóþúð (?)

Tegund: Tóft

Staðsetning: A:714476,505 N: 595335,167

Ástand: Mjög jarðsokkin

Hættumat: Mikil hætta vegna lundabyggðar

Heimildamaður: Jón Andrússon

Staðhættir

Vestast á eyinni, 200m suðvestur af syðstu klettaborginni, er vogur sem nefnist Fúlivogur þar sem fyrrum var ein af fjórum lendingum í eyinni. Ofan hans frammi á bakka ofan vogsins liggja tvær mjög jarðsokknar tóftir, líklega eftir sjóþúðir.

Lýsing

Austari tóftin er ferhyrnd upphækkun í landinu um 4x5m að stærð. Veggjalög mjög ógreinileg og tóftin er mjög skemmd af lunda.

Fagridalur 156465 74 - 19

Hlutverk: Sjóþúð (?)

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 714462,297
N: 595333,17

Ástand: Mjög jarðsokkin

Hættumat: Mikil hætta vegna lundabyggðar

Heimildamaður: Jón Andrússon

Staðhættir

Vestast á eyinni, 200m suðvestur af syðstu klettaborginni, er vogur sem nefnist Fúlivogur þar sem fyrrum var ein af fjórum lendingum í eyinni. Ofan hans frammi á bakka ofan vogsins liggja tvær mjög jarðsokknar tóftir, líklega tóftir sjóþúða.



Mynd 4. Rústahóll sunnarlega á Bjarnarey. Hóllinn, líkt og margar minjar í eyinni, er mjög skemmdur vegna mikillar lundabyggðar. Ljósm. GZ.

Lýsing

Vestari tóftin er einnig ferhyrnd upphækkun í landinu um 7x6m að stærð. Veggjalög mjög ógreinileg og tóftin er mjög skemmd af lunda.

Fagridalur 156465 74 - 20

Hlutverk: Óþekkt, bústaður?

Tegund: Tóft

Staðsetning:

A: 714561,341

N: 595330,086

Ástand: Mjög sundurgrafið af lunda, veggjalög sokkin

Hættumat: Mikil hættu vegna lundabyggðar

Heimildamaður: Jón Andrésson

Staðhættir

Um 40m vestur af Stilli, syðri höfn eyjarinnar liggur hól með ógreinilegum byggingaleifum.

Lýsing

Hóllinn er um 20x15m að utanmáli en mjög ógreinilegar leifar bygginga eru efst á honum. Hann er mjög útgraffinn af lunda og erfitt að greina veggjalög. Þó virðist sem um rústahól sé að ræða, þ.e. að byggt hafi verið oft á sama stað. Sökum þess hve minjar á hólnum eru illa farnar er erfitt að greina hvort um er að ræða bæjarhól eða leifar sjóbúða.

Aðrar upplýsingar

Jón Andrésson segir að menn hafi talið þarna vera bæjarhól eða mannabústað en engar frekari heimildir eru til um það

Fagridalur 156465 74 - 21

Hlutverk: Óþekkt, naust?

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 714679,266 N: 595371,901

Ástand: Mjög jarðsokkin

Hættumat: Mikil hættu vegna lundabyggðar

Staðhættir

Austast á Bjarnarey er vík sem nefnist Skeljavík. Vestan hennar er klettaborg og liggur dálítill grasrindi milli víkurinnar og klettsins. Á þessum grasrinda er tóft sem er orðin mjög skemmd af lunda. Tóftin liggur norður-suður og er 8x2m að innanmáli. Veggir eru útgrafnir en eru um 1m á þykkt, veggjahæð um 50cm.



Fagridalur 156465 74 - 22

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 714689,874 N: 595580,28

Ástand: Gott, hleðslur hrundar að nokkru.

Hættumat: Mikil hættu vegna lundabyggðar

Staðhættir

Fremst á klettabrún ofan fjöru austast á eyinni eru leifar grjóthlaðins sjóhúss eða byrgis.

Lýsing

Tóftin liggur norður-suður, er grjóthlaðin á þrjá vegu en suður skammhlið vantar og hefur hún verið þiljuð eða opin til suðurs. Tóftin er 4x2,5m að innanmáli. Veggir um 70cm á þykkt og allt að 1m á hæð. Vegghleðslur teknar að hrynja, sérstaklega vesturveggurinn.

Fagridalur 156465 74 - 23

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 714665,898 N: 595542,656

Ástand: Hleðslur grónar en standa vel

Hættumat: Mikil hætta vegna lundabyggðar

Staðhættir

Um 30m austur af Gullborg á grösugri sléttu er tvískipt sjóhústóft.

Lýsing

Tóftin er 13x8m að utanmáli og liggur norðaustur-suðvestur. Eystra hólfið í tóftinni er um 4x4m að innanmáli og liggja dyr yfir í smærra hólfið sunnan við. Syðra hólfið er nokkurn veginn L-laga og skiptist í tvo hluta 1,5x2 og 1,5x3m. Veggir eru algrónar og standa nokkuð vel. Veggjaþykkt er um 2m og hæð um 1,5m.

Fagridalur 156465 74 - 24

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Rústabunga

Staðsetning: A: 714546,283 N: 595269,816

Ástand: Veggir jarðsokknir, grafnir út af lunda og illgreinanlegir

Hættumat: Mikil hætta vegna lundabyggðar

Staðhættir

Um 70m vestur af Stilli, syðri höfninni, er mjög óglögg rústabunga sem er líklega mjög jarðsokkin tvískipt smátóft. Tóftin er á dálitlum hól og má greina á honum tvær dældir en veggjalög eru mjög óljós.

Fagridalur 156465 74 - 25

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Rústabunga



Staðsetning:

A: 714585,378

N: 595269,065

Ástand: Veggir jarðsokknir, grafnir af lunda og ógreinanlegir

Hættumat: Mikil hætta vegna lundabyggðar

Staðhættir og lýsing

Á suðvestur brún ofan við syðri höfnina Stilli, er ógreinileg tóft á hólkoli. Lundu hefur gert þarna holur og má greina í þeim grjóti, etv. úr einfaldri grjóthleðslu..

Mynd 5. Rústabunga [25]. Ljósm. GZ.

Fagridalur 156465 74 - 26

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 714544,591 N: 595198,205

Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta vegna lundabyggðar

Staðhættir og lýsing

Grjóthlaðið garðbrot liggur nálega norður-suður eftir tanga sem liggur suðvestast á eyinni. Garðlagið er alls um 15m langt, um 40cm breitt og 30cm þar sem það er hæst. Hlutverk þessa garðlags er óþekkt en garðurinn hefur vart verið mjög hár.



Mynd 6. Einfalt garðlag syðst á Bjarnarey. Ljós. GZ.

Fagridalur 156465 74 - 27

Sérheiti: Norðurhöfn

Hlutverk: Höfn

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: N:

Staðhættir

Í Sveitum og jörðum segir: „Norðurhöfn, norðan á eyjunni, aðalhöfn hennar” (ÖJE, 9).

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974. Búnaðarsamband Austurlands.

Fagridalur 156465 74 - 28

Sérheiti: Hulduhólar

Hlutverk: Álagahóll

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Hellirinn [Gullbjarnarhellir] hefur þá legið í gegnum eyna endilanga. Lengra uppi á eyjunni eru klettahólar, er nefnast Hulduhólar” (ÖJE, 10).

Nokkrir hólkollar liggja frá norðri til suðurs um 70m til vesturs frá Suðurborg, syðstu klettaborginni..

Nánari lýsing

„Sú eina sögn um Hulduhóla, okkur kunn, er sú, sem Sveinn Jónsson, bóndi í Fagradal, sagði um konu (huldukonu?) er honum birtist í draumi í Bjarnarey, að ég held tvívegis. Sagði draumkonan fyrir um atvik, er síðar komu fram um líf Sveins og hans fólks” (ÖOM, 9).

Heimildaskrá

Örnefnastofnun Íslands. Örnefnaskrá fyrir Fagradal. Sr. Jakob Einarsson skráði (Heimildamenn: Andrés Sveinsson ofl.).

Örnefnastofnun Íslands. Athugasemdir við Örnefnaskrá Fagradals. Skráð hefur Oddný Magnúsdóttir.

Fagridalur 156465 74 - 29

Sérheiti: Stillir

Hlutverk: Höfn

Tegund: Heimild

Staðhættir Í örnefnaskrá segir: „Austan við það [Þorgerðarbarð] langur skerjagarður, er heitir Löngusker, áður látrar. Upp af þeim er Skeljavík, suðaustan á eyjunni. Þá er Stillir, önnur lending eyjunnar” (ÖJE, 9). Í athugasemdum sem gerðar voru við örnefnaskrá segir: „Stillir er s.a. a á eyinni og því oft kyrrt og vel lendandi þar, þó ófært sé í Norðurhöfn fyrir norðanátt. Eins eru bátar oft geymdir í Stilli, ef stendur upp í Norðurhöfnina” (ÖÖM, 9). Engar minjar um uppsátur eða útgerð fundust við höfnina.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Fagradal. Sr. Jakob Einarsson skráði (Heimildamenn: Andrés Sveinsson ofl.). Örnefnastofnun Íslands

Örnefnastofnun Íslands. Athugasemdir við Örnefnaskrá Fagradals. Skráð hefur Oddný Magnúsdóttir.

Fagridalur 156465 74 - 30

Sérheiti: Trébás

Hlutverk: Höfn

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Ólafur Olavíus getur um 4 lendingar í Bjarnarey : „En í Bjarnarey eru 4 lendingar, sem rómaðar eru fyrir gæði; heita þær Stillir, Norðurhöfn, Trébás og Fúlavík“. (ÓÓ, 148)

Heimildaskrá

Ólafur Olavíus. *Ferðabók II*. Reykjavík 1965.

Fagridalur 156465 74 - 31

Sérheiti: Fúlavík

Hlutverk: Höfn

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Staðhættir

Ólafur Olavíus getur um 4 lendingar í Bjarnarey : „En í Bjarnarey eru 4 lendingar, sem rómaðar eru fyrir gæði; heita þær Stillir, Norðurhöfn, Trébás og Fúlavík“. (ÓÓ, 148)

Heimildaskrá

Ólafur Olavíus. *Ferðabók II*. Reykjavík 1965.

Torfuland - fornleifaskrá



Mynd 7. Torfa vestast í Torfulandi. Verbúðatóftir liggja tæpt á klettanesi og liggja að þeim götur um brattar skriður. Ljósm. GZ.

Fagridalur 156465 74 - 32

Sérheiti: Torfa

Hlutverk: Sjóbúðir

Tegund: Tóftaþyrping

Staðsetning: A: 710972 N: 595114

Hættumat: Nokkur hættu vegna landbrots

Ástand: Gott en austasti hluti tóftaþyrpingarinnar er farinn að hrynja fyrir sjávarbakka

Staðhættir

Verbúðatóftir er að finna á Torfu sem er dálítið graslendi fremst á klettatanga utan við Kattárvík, milli sandsins Lonta og Torfusands. Ganga verður brattar skriður til að komast á tangann landveginn.

Lýsing

Nokkrar verbúðatóftir liggja í þyrpingu fremst á grastorfunni. Heildarlengd þyrpingarinnar er 20-25m og breidd um 10m. Tóftirnar standa á upphækkun sem bendir til endurbygginga. Veggir eru jarðsokknir um 50cm háir og veggbreidd 1-2m. Greinilegastir eru tóftarveggirnir vestan megin í þyrpingunni en eystri hluti hennar liggur á eystri brún tangans og hefur hluti hennar horfið við jarðvegsrof.

Vestast eru tvær samfastar tóftir hvor um 4x5m að innanmáli og hafa dyr vitað í vestur. Fast austan hennar er tóft sem liggur norður-suður, um 8m að lengd og 3 að breidd. Fast austan hennar, samsíða er önnur eilítið stærri tóft um 4x8m. Tóftir austan hennar eru svo nokkuð óljósari en fast austan við hana virðist vera tvískipt tóft um 6x2m að innanmáli. Austan hennar er óljós tóft um 4x6m að innanmáli. Austasta tóftin liggur dálítið norðar en aðrar tóftir í þyrpingunni, þó áföst henni. Tóftin er 7x4m að innanmáli og hafa dyr verið til vesturs. Austurhlið þessarar tóftar er skemmd vegna jarðvegsrofs.

Aðrar upplýsingar

Vitnisburður um Torfuland [Úr bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar]¹³

Það gjörum vér, Oddur Eyjólfsson skólameistari í Skálholti, Torfi Jónsson kirkjuprestur sama staðar, Teitur Torfason, Ólafur Jónsson, Sigurður Björns[son] og Teitur Pétursson góðum mönnum kunnugt með þessu voru opnu bréfi og undir skrifuðum eigin handskriftum að vér höfum séð og yfirlesið, svolátandi vitnisburði um landamerki Torfu, Áss kirkju eignar í Austfjörðum, in originali handskrifaða orð fyrir orð sem eftir fylgir: Svofelldan vitnisburð ber Högni Þorleifs[son] tilkvaddur af biskupinum m[agister] Brynjólfi Sveinssyni, sanninda vitnisburð um að bera hvað hann réttast og sannast vissi um landamerki og rekamörk Ásskirkjulands, Torfu sem að fornu og nýju haldið er 2 hundruð að dýrleika. Meðkennist nú Högni Þorleifsson að hann hafi hér til vitað fram undir fjörutíu ár, að hann hafi og þetta Torfuland haft til byggingar af Ásskirkju formönnum, fyrst Magnúsi Vigfússyni og síðan Bjarna Oddssyni og Bjarna Eiríkssyni og hafi þá haldið verið Torfuland inn í Kattarvíkurá og í Saltvíkurlæk hið innra, land og reki ofan í gegn. En hið ytra rekamark Torfu út frá í Valdavíkurlæk, sem er undir kambinum sem fram í sjóinn stendur, sem brík og forvaði, og ei kveðst Högni vita annað en þetta sé rétt Torfurekamörk í fyrrskrifaðan læk í Ytri-Valdavík, sem rennur undir kambinum, og svo segir hann eldri menn hafi sér tilsagt bæði faðir sinn, Þorleifur Einarsson og Pétur Benediktsson, hverjum hér var alkunnugt til að vissu í tíð Þuríðar Þorleifsdóttur, þegar hún átti forráð, og þar eftir. En um landið fyrir ofan kveðst hann ógjörla vita, utan hann hyggi Torfuland vera út í gegn, að óskertu Hofskirkju beitarítaki á hálfu Standandanesi, eftir hennar máldaga.

Annað kveðst Högni Þorleifsson ekki réttara vita en nú er skrifað, lofandi hér við að standa hvar sem fram kæmi með fullnaðar handsölum við biskupinn, greinir hann til fleiri barnkunnuga dánúmen, aldraða og ráðvanda, sem hann segir hér muni með sér til vita, Benedikt og Rusticum Magnússyni og Árna Jónsson á Geirastöðum og til sanninda hér um setur Högni Þorleifsson sína eigin handskrift hér undir, til staðfestu og vitnisburðar upp á þetta fyrrskrifað að Kirkjubæ í Tungu anno 1663, 25. ágúst.

(undirskrifað nafn)

Högni Þorleifsson með e.h.

Húsaskoðun á Torfu [Úr bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar]¹⁴

¹³ Bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar. Vitnisburður um Torfuland 25. ágúst 1663. Lbs. 1077–1091. Í uppskrift á Landsbókasafni, handritadeild.

Anno 1662, 15. desember uppskrifuð hús og tré í Torfu, Áss kirkjueign. Í fyrstu skáli, þriggja faðma langur og faðms breiður með duglegum grenivið. Eldhús, 2 faðmar, reft um einn ás 7 álna langan. Eitt lítið bakkorn(?) 3 álna langt, en annað sýnist þar til lítils gagns, ræfurnaust tæpir 4 faðmar, þar í þvertré 5 álnir, en 3 ásar minni, 5 álnir, einn af þeim 4 álnir, hitt uppreft í útihýsi. Einn ássprjónn 8 álnir, sem Högni segist hafa í sjó fundið, með hans marki er hann, 2 hjallar, annar með 4 stólpum, mjög fánýtum og 2 ásum 6 álna löngum, óduglegum að mestu, hitt allt sprekað og ónýtt. Annar með 6 stólpum, lítið betri en hinir, nema ef einn er lítið betur en 2 álnir, 2 ásar 7 álna langir, segist Högni eiga annan. Item 7 raftar, hitt annað fánýtt. Item fáeinar ráarspýtur, sem Högni segist eiga, gagnlitlar.

Til merkis hér um skrifum við okkar nöfn hér undir, sama stað, ár og dag sem fyrr segir.

(Undirskrifuð nöfn)

Þorsteinn Magnússon með e.h. Hallur Högnason e.h

Heimildaskrá

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974, bls. 185-187. Búnaðarsamband Austurlands.

Bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar. Uppskrifað 15. desember 1662. Lbs. 1077–1091. Í uppskrift á Landsbókasafni, handritadeild.

Bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar. Vitnisburður um Torfuland 25. ágúst 1663. Lbs. 1077–1091. Í uppskrift á Landsbókasafni, handritadeild. – Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar. Reykjavík 2000, s. 12

Fagridalur 156465 74 - 33

Sérheiti: Torfa

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 710948 N: 5955088,771

Hættumat: Nokkur hættu vegna landbrots

Ástand: Gott en syðsti hluti tóftarinnar er farinn að hrynja fyrir sjávarbakka

Staðhættir

Um 20m vestan við tóftaþyrpinguna [156465 74 - 33] eru mjög óljósar leifar tóftar um 3x4m að innanmáli. Tóftin hefur legið austur-vestur og steinar úr hleðslum sjást í henni en vesturhlið hennar er skemmd vegna jarðvegsrofs.

¹⁴ Bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar. Uppskrifað 15. desember 1662. Lbs. 1077–1091. Í uppskrift á Landsbókasafni, handritadeild.

Ketilsstaðir í Hlíð – ágríp af sögu

Ketilsstaðir eru nyrsta jörð í Jökulsárhlíð og var hún áður fátækraeign (Kristfjárljörð), fyrst getið sem slíkrar í Hítardalsbók frá 1367.¹⁵ Í jarðabók Johnsens frá 1847 er dýrleika jarðarinnar ekki getið en neðanmáls segir að 1696 og 1804 hafi jörðin verið talin 12 hundruð.

Hjáleigur frá Ketilsstöðum voru Bakkagerði og Eyjasel og í jarðabók frá 1861 eru jarðirnar hvor um sig metnar á 4 hundruð en heimaörðin á 8 hundruð.¹⁶ Afbýli var einnig á svokölluðum Landsenda sem liggur á samnefndu svæði á tveimur grónum hjöllum ofan (norðan) við sandana utan Hellisár. Býlisins er getið í Ferðabók Olavíusar en þar er það sagt það hafa farið í eyði 1746-52.¹⁷ Þessa býlis mun einnig hafa verið getið í jarðatali 1760, þá nefnt eyðihjáleiga Ketilsstaða. Á bæjarstæði fornbýlisins á Landsenda voru síðar beitarhús frá Ketilsstöðum.¹⁸

Undir austurhlíðum Kolmúla utan við Móníkur og Geldingsnes er Múlahöfn. Þar er góð lega frá náttúrunnar hendi og var útræði stundað þaðan og frá Geldingsnesjum fyrrum. Í leitinni að höfn við Héraðsflóa á 18. og 19. öld staðnæmdust menn við Múlahöfn sem var löggilt sem verslunarstaður 1890. Engin leið er þangað landveg með sjó og þarf að klöngrast upp á múlann um 400 m háa snarbratta fjallshlíð.

Ketilsstaðir voru hlunnindajörð. Meðal hlunninda voru reki, selveiði, fuglatekja, fjörubeit og æðarvarp. Beitiland er gott og víðlent en snjóþungt og veðrasamt. Engjar voru samfelldar og sléttar, m.a. Blautamýri inn af Hérðssöndum, en slægjur einnig í fjalli.

Landamerki

Samkvæmt landamerkjaskrá Ketilsstaða og Fagradals frá árinu 1916 eru landamerki milli jarðanna frá Bjargtöng (Bjarglög), klettahlein við sjó þvert upp á brún múlans. Þaðan beina sjónhending í vörðu á Dýjafjalli og áfram sjónhending í Jökulsárós þaðan sem hann fellur í Fagradalsá, en þaðan ræður Jökulsá í Hellisheiði mörkum að upptökum sínum.¹⁹

¹⁵ Íslenskt fornbréfasafn III. Bindi, bls. 232.

¹⁶ Ný jarðabók fyrir Ísland, 1861, bls. 143, Sveitir og jarðir í Múlaþingi, I bindi, bls. 196.

¹⁷ Ólafur Olavíus. Ferðabók II. Reykjavík 1965, bls. 138.

¹⁸ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, I bindi, bls. 197.

¹⁹ Þinglesin landamerkjaskrá Fagradals 24. júlí 1916 og Ketilsstaða 20. júlí 1916.

Landsendi – fornleifaskrá



Mynd 8. Horft til norðurs yfir tún á Landsenda. Rúst síðustu beitarhúsa er á gamla bæjarhólum. Vestast (lengst til vinstri) í túni sjást leifar gamla túngarðsins. Ljósm. GZ.

Ketilsstaðir 156871 100 - 1

Sérheiti: Landsendi

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Staðsetning: A: 711200,254 N: 587876,806


Ástand: Sæmilegt, beitarhús hafa verið byggð á bæjarhólum

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hættu

Staðhættir

Glöggar menjar fornbylis er að finna á sléttum hjalla á svokölluðum Landsenda utan Hellisár. Ummerki eru á tveimur stöðum sem ætla má að séu leifar bæjarhúsa. Í örnefnaskrá Ketilsstaða segir svo um bæjarrústirnar: „Tvennar bæjarrústir eru (eða voru) á Landsenda, aðrar á Bakkabrúninni niður við á, sem fellur út með bökkunum, og eru þær fornlegar mjög. Gamall maður sagði Guðmundi frá Húsey, að sá bær hefði lagst í eyði af náselagangi í ósnum.[...] Aðrar bæjarrústir voru ofar, og var þar talsverð rækt í túni; sú jörð mun hafa farið í eyði nálægt miðri 18. öld, og átti að hafa eyðilagst af bjarnkýragangi.“ (ÖK, 6) Túngarður er greinanlegur á þrjá vegu umhverfis túnskika sem er um 130m frá norðaustri-suðvesturs og

um 150m frá norðvestri-suðausturs. Túninu hallar eilítið til austurs en ofarlega vestan til innan túngarðs má sjá nokkra upphækkun sem bendir til endurbygginga. Þar er líklega að finna bæjarhól hjáleigunnar og aðrar hvorar bæjarrústirnar sem getið er í örnefnaskrá. Ofan á



Yfirlitsmynd sem sýnir leifar fornþýlisins á Landsenda.

hólnum eru leifar 20. aldar beitarhúss.

Lýsing

Hóllinn er um 25x20m að ummáli en erfitt er að gera sér grein fyrir nákvæmum útlínum hans vegna beitarhúsatóftanna sem nú standa á hólnum. Einu veggjalögin sem að hægt er að greina er fast norðaustan við norðaustur langhlið beitarhúsanna. Þar er að finna óljósa veggj tóftar sem virðist tvískipt. Tóftin er jarðsokkin og liggur að hluta inn undir veggj beitarhússins.

Tóftin er um 13m löng og um 7m breið og hefur snúið norðvestur- suðaustur, dyr virðast hafa vitað í austur. Annars er tóftin mjög jarðsokkin og erfitt að greina veggjahæð og þykkt.

Aðrar upplýsingar

Í eyðibýlaskrá Olavíusar er Landsenda getið sem hjáleigu frá Ketilsstöðum sem fór í eyði 1746-52. (ÓÓ., bls. 138.) Í Jarðabók Johnsens frá 1847 er Landsenda getið neðanmáls og þar er býlið sagt hafa farið í eyði um 1760.

Heimildaskrá

Ólafur Olavíus. *Ferðabók II*. Reykjavík 1965.

Ketilsstaðir 156871 100 - 2

Sérheiti: Landsendi

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Bæjarstæði

Staðsetning: A: 711327,841N: 587815,92

Ástand: Gott hleðslur jarðsokknar en óskemmdar

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hættu



Mynd 9. Leifar forns bæjarstæðis er á bökkum neðan túns á Landsenda. Horft til suðausturs yfir Héraðsflóa. Ljósm. GZ.

Staðhættir

Glöggar menjar fornbylis er að finna á sléttum hjalla á svokölluðum Landsenda utan Hellisár. Ummerki eru á tveimur stöðum sem ætla má að séu leifar bæjarhúsa. Í örnefnaskrá Ketilsstaða segir svo um bæjarrústirnar: „Tvennar bæjarrústir eru (eða voru) á Landsenda, aðrar á Bakkabrúninni niður við á, sem fellur út með bökkunum, og eru þær fornlegar mjög. Gamall maður sagði Guðmundi frá Húsey, að sá bær hefði lagst í eyði af náselagangi í ósnum.[...] Aðrar bæjarrústir voru ofar, og var þar talsverð rækt í túni; sú jörð mun hafa farið í eyði nálægt miðri 18. öld, og átti að hafa eyðilagst af bjarndýragangi.“ (ÖK, 6)

Neðan og austan túnsins sem markast af túngarðinum, frammi á háum bakka ofan fjöruborðs upp og norður af árósi, eru mjög jarðsokknar og fornlegar tóftir sem virðast líklegri til að vera af bæjarhúsum en útihúsum einhvers konar. Ekkert greinanlegt tún er umhverfis tóftirnar, né heldur túngarður en vera kann að hér sé um að ræða eldri minjar en þær sem finna má innan túngarðsins. Líklega er um að ræða bæjarrústir þær sem sagðar eru á Bakkabrúninni við ána.

Lýsing

Um er að ræða mjög jarðsokkna tóftaþyrpingu. Hún er um 20m löng frá norðaustri til suðvesturs en um 15m löng frá norðvestri til suðausturs. Greinilegust tóftanna er tvískipt tóft nyrst í tóftaþyrpingunni. Hún er um 11x5m að utanmáli, dyr hafa vitað í austur. Þessi tóft virðist hafa staðið ein og sér en aðrar tóftir eru samfastar. Um 2m metrum sunnan áðurnefndrar tóftar eru svo a.m.k. fjórar samfastar tóftir. Norðaustur hlið þeirrar tóftaþyrpingar og suðurhlið nyrstu tóftarinnar kunna að hafa myndað nokkurskonar göng og hefur verið innangengt úr þeim í hús sem nú er mjög jarðsokkin og ógreinileg tóft um 6x2m að innanmáli. Dyr á henni hafa vitað til austurs út í göngin. Mögulega hefur verið innangengt úr göngunum í syðri hluta þyrpingarinnar en óljóst rof eða inngangur virðist á norðaustur vegg hennar. Tvö samsíða hólfi eða herbergi eru í þyrpingunni miðri, það nyrðra um 4x2m að innanmáli. Sjá má líkindi dyra milli herbergjanna. Austast í þyrpingunni eru óljósar leifar tóftar, um 2x4m að innanmáli. Syðst og áföst er svo tóft sem hefur haft þil eða dyr til austurs en innanmál hennar hefur verið um 5x2m. Erfitt er að greina með neinni vissu veggjaþykkt en hæstir eru veggir um 40cm. Tóftirnar liggja neðan túns og eru grasi vaxnar. Bæjarlækurinn rennur til sjávar norðan þeirra. Nokkurt vatn kemur upp undan brekkunni ofan tóftanna þannig að þar er töluverður vatnsagi.

Aðrar upplýsingar

Í eyðibýlaskrá Olavíusar er Landsenda getið sem hjáleigu frá Ketilsstöðum sem fór í eyði 1746-52. (ÓÓ., bls. 138.) Í Jarðabók Johnsens frá 1847 er Landsenda getið neðanmáls og þar er búið sagt hafa farið í eyði um 1760.

Heimildaskrá

Ólafur Olavíus. *Ferðabók II*. Reykjavík 1965.

Örnefnaskrá Ketilsstaða. Ari Gíslason skráði 1962, Örnefnastofnun.

Ketilsstaðir 156871 100 - 3

Sérheiti: Landsendi

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 711151,341 N: 587876,806

Ástand: Garðurinn er jarðsokkinn en óskemmdur að mestu

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir og lýsing

Túngarður er greinanlegur á þrjá vegu umhverfis túnskika fornbýlisins Landsenda. Garðurinn er jarðsokkinn og hlaupinn í þúfur en neðst (austast) í túninu, þar sem er nokkuð mýrlent, sést garðurinn ekki. Hann er greinanlegastur á 135m kafla vestan túnsins en þar liggur hann frá suðvestri til norðausturs. Beygja er á garðinum að vestan og liggur hann þar á um 30m kafla á austurbakka lækjar sem rennur rétt innan túnsins. Þar hverfur garðurinn í þúfur. Garðurinn sést svo á köflum austan túns en stærsti samfelldi kafli hans þar er 45m langt garðbrot sem liggur norðvestur-suðaustur. Hæstur er garðurinn um 70cm en 3m á breidd þar sem hann er breiðastur. Smátóft er áföst innan garðs um miðja norðvesturhlið hans. Tóftin er um 1x1m að innanmáli og dyr hafa verið á henni til suðvesturs.

Ketilsstaðir 156871 100 - 4

Sérheiti: Landsendi

Hlutverk: Kofi

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 711133,212 N: 587759,139

Ástand: Gott veggir grónir en heilir

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir

Um 50m sunnan túngarðs og 115m sunnan beitarhúsatóftarinnar liggur kofatóft milli tveggja klettahæða.

Lýsing

Tóftin er vaxin grasi og ekki sést grjót í hleðslum. Hún er hálf niðurgrafin um 3x1m að innanmáli og er opin til suðausturs. Veggjahæð er um 60cm og þykkt veggja 80cm.

Ketilsstaðir 156871 100 - 5

Sérheiti: Landsendi

Hlutverk: Rétt

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 711138 N: 587778,294

Ástand: Gott, veggir gróinir en heilir

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir

Tóft, líklega af rétt, liggur upp við klettahæð um 25m suður af vestari enda túngarðs, 96m suðvestur af beitarhúsatóftinni [156871 100 - 13].

Lýsing

Réttin er hlaðin upp við klettavegginn og myndar hann vestur langhlið hennar. Hlið hefur verið á réttinni til suðurs. Hleðsluhæð er um 50-70cm og þykkt um metri.

Ketilsstaðir 156871 100 - 6

Sérheiti: Landsendi

Hlutverk: Kofi

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 711204,701 N: 587929,141

Ástand: Gott, veggir algrónir

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir

Dálítill klettur er við norðausturenda túngarðsins og austan undir honum er hlaðin smátóft eða kofi.

Lýsing

Tóftin liggur norðurvestur-suðaustur og hafa dyr vitað í suður. Vegg hæð er um 40cm en þykkt 70cm en grjót sést ekki í hleðslu. Tóftin er vaxin lyngi og nokkuð jarðsokkin.



Mynd 10. Fjárhústóft norðan túns á Landsenda. Eldri minjar liggja undir tóftinni. Ljós. GZ.

Ketilsstaðir 156871 100 - 7

Sérheiti: Landsendi

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 711232,75 N: 587939,745

Ástand: Gott, veggir algrónir

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir

Í klettadragi um 70m norðaustur af beitarhúsatóftunum [156871 100 - 13] utan túns eru leifar fjárhúss og hlöðu eða heytóftar.

Lýsing

Fjárhúsið er um 4x3m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur, og hafa dyr vitað í suðaustur. Merki eru um garða eftir tóftinni miðri. Veggir eru um 70cm á hæð og um 1m á þykkt, vaxnir mosa og grasi. Aftan við (vestan) og áföst tóftinni er smærri heytóft um 2x2m að innanmáli. Veggir eru mun óverulegri en fjárhússins, rétt um 20cm á hæð og breidd. Ekki er að sjá dyr á

tóftinni. Við suðurlangvegg hennar eru óglöggar leifar eldri tóftar sem virðist liggja undir tóftavegginn. Fjárhúsið hefur því verið byggt ofan á eldri tóftum.

Ketilsstaðir 156871 100 - 8

Sérheiti: Landsendi

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 711230,697 N: 587934,614

Ástand: Sæmilegt, en fjárhús hefur verið byggt ofan á tóftina

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir

Í klettadragi um 70m norðaustur af beitarhúsatóftunum [156871 100 - 13] utan túns eru tóftarleifar fjárhúss og hlöðu eða heytóftar auk ógreinilegrar eldri tóftar.

Lýsing

Tóftin er mjög jarðsokkin og ógreinileg en greina má tvö óljós veggjabrot. Ekkert sérstakt tóftalag er þó að sjá. Tóftin liggur undir yngri fjárhús-/heystæðistöft [156871 100 - 7].

Ketilsstaðir 156871 100 - 9

Sérheiti: Landsendi

Hlutverk: Kofi

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 711264,561 N: 587895,277

Ástand: Gott, veggir algrónir

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir

Klettaborg er rétt utan (austan) túngarðsbrots og er smá kofatóft hlaðin upp við hana. Tóftin er um 63m til norðausturs frá beitarhúsatóftinni [156871 100 - 13] og um 10m austan túns.

Lýsing

Tóftin er hlaðin upp við klettinn og myndar hann vestur langhlið hennar. Tóftin er algróin og veggjahæð er um 60cm en þykkt um 1m. Að innanmáli hefur hún verið 4x2m. Tóftin snýr norðnorðaustur-suðsuðvestur og dyr hafa verið í suðvestur.

Ketilsstaðir 156871 100 – 10

Sérheiti: Landsendi

Hlutverk: Áveita

Tegund: Garðlag

Staðsetning: A: 711156,129 N: 588009,524

Ástand: Gott

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir

Um 100m norðan og ofan túns á Landsenda er garðlag sem hefur verið hlaðið fyrir læk sem fellur þar fram af kletti.

Lýsing

Garðlagið liggur á um 30m kafla frá suðvestri-norðausturs eftir suðurbakka lækjarins. Garðlagið eða fyrirhleðslan er um 40cm á hæð og um 50cm á breidd. Lækurinn rennur austur fyrir klettadrag utan bæjarstæðisins og þar um móa til sjávar. Svo virðist sem læknum hafi verið veitt til austurs, e.t.v. til að vernda tún.

Ketilsstaðir 156871 100 - 11

Sérheiti: Landsendi

Hlutverk: Landþurrkun

Tegund: Skurður

Staðsetning: A: 711175,626 N: 587835,418

Ástand: Gott

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir og lýsing

Innan túns á Landsenda um 20m vestur af beitarhúsum [156871 100 - 13] eru handgrafnir skurðir, líklega grafnir til að þurrka tún. Um 50m langur grunnur skurður liggur til austurs niður túnið og nokkrir hliðarskurðir liggja svo þvert á hann og leiða í hann vatn.

Ketilsstaðir 156871 100 – 12

Sérheiti: Landsendi

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 711209,49

N: 588149,767

Ástand: Gott, tóftin jarðsokkin og algróin en veggir óskemmdir


Ástand: *Hættumat:* Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir

Í móa um 230m norðan við bæjarstæðið á Landsenda er tóft. Gæti verið fjárhús/hlöðutóft en staðsetning hennar utan túns bendir til að um stekkjartóft sé að ræða.

Lýsing

Tóftin er jarðsokkin og farin að samsama sig við umhverfi sitt. Hún liggur norðvestur-suðaustur og er um 10m löng og 5m að utanmáli. Tvær krær eru greinanlegar í tóftinni. Sú eystri er stærri um 6x2m að innanmáli en áföst vestan hennar er smærri kró, líklega lambakró, um 3x2m að innanmáli. Veggir eru æði jarðsokknir og óljóst hvort innangengt hefur verið milli krónna en vestari króin hefur mögulega verið opin til suðurs.



Ketilsstaðir 156871 100 - 13

Sérheiti: Landsendi

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 711191,703 N: 587869,623

Ástand: Gott, þekja hrunin en veggir standa enn vel

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir

Vestarlega innan túns á Landsenda er stæðileg tóft beitarhúsa sem byggð voru á fyrri hluta 20. Aldar.

Lýsing

Tóftin liggur á gamla bæjarhóli býlisins Landsenda og hefur hún hulið leifar bæjarhúsanna annarra en óljósrar tóftar við austurvegg. Tóftin er 23x14m að utanmáli og er af tvístæðum

fjárhúsum og áfastri hlöðutóft. Tveir garðar eru í fjárhúsinu. Fjárhúsin eru um 10x8m að innanmáli og liggja norðvestur-suðaustur – dyr hafa verið til austurs. Hlaða er áföst aftan við og liggur þvert á fjárhúsin, 7x3m að innanmáli. Þekja er fallin og veggir að verða algrónir.

Aðrar upplýsingar

Í búskaparannál Ketilsstaða segir Um 1930: Byggð á Landsenda torffjárhús undir járni f. 150 og hlaða 80 hb. Þar var 80 hesta tún. Húsin enn í notkun, en ekki hlaðan né túnið.

Heimildaskrá

Ketilsstaðir 156871 100 - 14

Sérheiti: Landsendi

Hlutverk: Sjóbúð, naust

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 711483,106 N: 588229,953

Ástand: Gott, hleðslur standa vel

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir

Um 420-440m austur af bæjarstæði og beitarhúsum á Landsenda, suður af landingunni í svokölluð Keri, er að finna tóftir nausts og sjóbúða á tveimur stöðum. Nyrðri tóftirnar eru af nausti og áfastri tóft, líklega sjóbúð eða skúr.

Lýsing

Naustið er tvær samsíða vegghleðslur sem mynda bátsлага tóft um 7m langa og 1-2m breiða. Veggirnir eru hlaðnir úr grjóti og er tóftin opin til austurs en tóftin snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru um 70cm háir og um 80cm breiðir. Naustið er hlaðið upp við brekkuna. Áföst norðan naustsins er smátóft. Hún er hlaðin upp við brekkuna og myndar brekkana norðvesturvegg hennar. Dyr hafa verið á tóftinni til austurs. Veggir hennar eru um 50cm þykkir og um 40cm á hæð.



Ketilsstaðir 156871 100 - 15

Sérheiti: Landsendi

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 711466,944 N: 588210,52

Ástand: Gott, hleðslur standa vel

Hættumat: Engin fyrirsjáanleg hætta

Staðhættir

Um 420-440m austur af bæjarstæði og beitarhúsum á Landsenda, suður af landingunni í svokölluð Keri, er að finna tóftir nausts og sjóbúða á tveimur stöðum. Um 20m suðvestan við áðurnefnda nausttóft [156871 100 – 14] eru sjóbúðtóftir.



Lýsing

Um er að ræða tvær samstæðar tóftir sem hafa verið hlaðnar upp við smá klettavegg en vesturveggur tóftanna hefur verið hlaðinn upp við klettinn. Syðri tóftin er tvískipt. Að sunnan er herbergi 2,5x1,5m en að norðan er herbergi um 2x2m að innanmáli. Herbergin tvö hafa verið aðskilin með vegg og innangengt hefur verið á milli þeirra. Dyr út úr húsinu er úr nyrðra herberginu, til austurs. Veggir eru lyngi grónir en sést í steina á stöku stað. Áföst norðan við er tóft um 1x2m að innanmáli. Veggir standa hæst um 70cm en eru um 1m á þykkt.

Múlahöfn – fornleifaskrá



Mynd 11. Syðri-Múlatangi við Múlahöfn. Höfnin er víkin til hægri á myndinni og töftirnar liggja lengst til vinstri og lengst til hægri á tangaum. Ljósm. GZ.

Undir Múlafjalli í landi Ketilsstaða, um 7,5km utan (norðaustan) bæjarins, liggur Múlahöfn. Útræði var frá Múlahöfn allt fram um 1900. Elstu heimildir um útgerð frá höfninni er að finna í Ferðabók Olavíusar frá seinni hluta 18. aldar en þar lýsir hann höfninni svo: „Múlahöfn á Fljótsdalshéraði liggur sunnan undir Kollumúlafjalli og utar en Landsendatanginn. Þar er lítil, kringlótt vík, sem gengur til norðurs. Hún er óvarin gegn öllum vindum frá ASA til SV eða til þeirrar hliðar, sem snýr að Ósfjöllum. En há fjöll skýla henni gegn hafátt, en Héraðs megin hlífa lágir klettur eða sker upp úr sjónum henni. Heitir stærsti kletturinn Kríustapi og annar Arnarbrík, hinir eru nafnlausir. Hafnarmynnið er áætlað 200-300 faðmar á breidd, og er blindskerjalaust með öllu, nema við Boðahálsinn, eða kletta þá, er liggja SSA að höfninni, en út af þeim gengur lítil flúð, sem gjalda þarf varhuga við og sigla inn mitt hafnarmynnið [...] Staðhættir við Múlahöfn eru þeir, að upp frá víkinni rís hátt og ljótt klettafjall, en undirlendið er aðeins mjó, stórgrýtt malarfjara. Á vetrum er ófært hverri skepnu, nema fimustu og fíldjörfustu fjallgöngumönnum að fara landveg milli hafnarinnar og næstu bæjar, og sjóleiðin er engan vegin örugg, sakir þess að lendingar við Landsendanes og Geldinganes eru mjög ótryggar einkum í sunnan og suðaustanátt. Mjög lítið rúm er þar til að reisa á hús, ef á þyrfti að halda, því að undirlendi er ekkert nema mölin. En verbúðir þær,

sem þar hafa verið reistar, hafa menn neyðst til að reisa á klettarima austanvert við höfnina, þar gætu staðið 3-4 hús, en mjög er örðugt að koma þungavöru þangað, og þar er engan veginn óhult fyrir snjóflóðum [...]²⁰

Olavius (sem kom í Múlahöfn 1775) segir þar góða hákarlaveiði, talar þó um aflabrest þar og í Bjarnarey undangengin 25 ár nema yfir hásumarið. „Engu að síður hafa þó Héraðsbúar þar til fyrir 14 árum haft samtök um að gera út 8 báta bæði vor og sumar, ýmist í Bjarnarey, Múlahöfn eða Landsendanum. Öfluðu þeir með þessum hætti að mestu til heimilisþarfa. En eftir að bátur með nokkrum mönnum fórst við Músasund eða annan Landsendann, misstu nærri því allir Héraðsbúar kjarkinn til að stunda þessa útgerð, að því er sagt er.²¹

Í Strandmælingunum síðari sem Danir unnu að um og eftir 1800 voru strendur Austfjarða m.a. kortlagðar og einstakir valdir staðir til nákvæmari mælinga. Þannig er að finna frá árinu 1818 kort af Mule Havn I Hierads Floin Bugt. „Opmaalt Aaret 1818 af M:Born“ (31 x 28,5.– B/11,28). Er það birt í Kortasögu Haraldar Sigurðssonar.²²

Múlahöfn var löggilt sem verslunarstaður 1890²³ en mun lítið sem ekkert hafa verið notuð sem slík þar eð flutningar til og frá höfninni voru mjög örðugir.


²⁰ Ólafur Olavius, Ferðabók II, bls. 170-171.

²¹ Ólafur Olavius, Ferðabók, bls. 153.

²² Haraldur Sigurðsson. Kortasaga Íslands. Reykjavík 1978. Uppdráttur á eftir s. 227. Skrá á s. 232.

²³ Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, bls. 197.

Útgerðarminjar við Múlahöfn



Ketilsstaðir 156871 100 - 16

Sérheiti: Múlahöfn

Hlutverk: Verbúð

Tegund: Tóftaþyrping

Staðsetning: A: 712896,325 N591657,296

Ástand: Gott, hleðslur grónar en óskemmdar

Hættumat: Lítil hættu, nema e.t.v. af landbroti vegna sjógangs

Staðhættir

Í örnefnalýsingu er höfninni lýst svo: „[...] fyrir utan tekur við Múlafjall, og efst í því er Múlakollur, sem fyrr var nefndur. Fyrir neðan Múlakoll heitir Klif, þar næst er Urðarhjalli og Múlatangi eða Múlatangar, því Múlahöfn er sunnan við syðri tangann. Í Múlahöfn er ágæt bátahöfn en of þröng fyrir stór skip [...] Þar eru skálatættur margar, einkum á syðri tanganum“ (ÖK, 9).

Við vettvangsferð fundust leifar sjóbúða í þremur þyrpingum. Nyrsta þyrpingin er nyrst á syðri Múlatanganum sunnan við svokallaða Skálabaksvík (Skálaboðavík).

Lýsing

Tvær samstæðar sjóbúðtóftir standa á nokkurri upphækkun og greinilegt er að þarna hefur verið byggt oft á sama stað. Tóftirnar liggja norður-suður og eru um 10x5m að utanmáli. Nyrðri tóftin er 3,5x2m að innanmáli og hafa dyr verið í austur. Veggir eru 1-2m á breidd og

tóftin er um 80cm djúp. Veggir eru algrónir nema hvað sést í grjót við útbrún dyranna beggja vegna. Áföst að norðan er eilítið stærri tóft um 3x3m að innanmáli. Veggir tóftarinnar eru nokkuð óverulegri en nyrðri tóftarinnar, einungis um 50cm breiðir og um 30cm á hæð. Veggur nyrðri tóftarinnar myndar norðurvegg þessarar tóftar og dyr eru á henni að austan upp við þann vegg. Hleðslur eru algrónar, en vera kann að tóft þessi hafi verið tvískipt því líkindi eru til milliveggjar austan til í tóftinni.

Aðrar upplýsingar

Í Ferðabók sinni getur Olavíus um minjar við Múlahöfn „Á báðum Landsendunum og eins upp af Múlahöfn eru gamlar verbúðatóttir, og skammt þaðan sá ég einnig nokkrar gryfjur, sem sjómenn hafa notað til að geyma í hákarla- og þorskalifur.²⁴

Heimildaskrá

Ólafur Olavíus. *Ferðabók II*. Reykjavík 1965.

Örnefnaskrá Ketilsstaða. Ari Gíslason skráði 1962. Örnefnastofnun Íslands.

Ketilsstaðir 156871 100 - 17

Sérheiti: Múlahöfn

Hlutverk: Verbúð

Tegund: Tóftaþyrping

Staðsetning: A: 712931,940 N:591544,179

Ástand: Gott, hleðslur grónar en óskemmdar

Hættumat: Lítil hætta, nema e.t.v. af landbroti vegna sjógangs

Staðhættir

Við vettvangsferð fundust leifar sjóbúða í þremur þyrpingum á syðri Múlatanganum. Tvær þyrpinganna eru austan Múlahafnar á syðsta hluta tangans en hann er aðskilinn frá aðalhlutanum með mjóu klettahafti. Nyrðri tóftaþyrpingin er smærri en í henni eru tvær greinanlegar tóftir eða herbergi.

Lýsing

Tóftin liggur nánast norður-suður og, líkt og aðrar tóftir á tanganum, er hún á nokkurri upphækkun þar sem byggt hefur verið oft á sama stað. Nyrðri tóftin er um 3x3m að innanmáli og hefur verið innangengt yfir í syðri tóftina sem er 2,5x3m að stærð. Ekki var hægt að greina suðurvegg í tóftinni og kann þar að hafa verið þil. Þó er ekki ólíklegt að veggirnir séu óljósir en syðri hluti tóftarinnar er nokkuð jarðsokkinn. Annars eru veggirnir vel grónir, en þó sést grjót á stöku stað í hleðslunni og inni þannig að greinilegt er að veggir hafa hrunið inn í tóftina. Veggjahæð er um 70cm þar sem veggir eru hæstir en þykkt veggja er um 80cm. Veggir eru stæðilegri í norðurhluta tóftarinnar en óverulegri í syðri tóftinni.

Ketilsstaðir 156871 100 - 18

Sérheiti: Múlahöfn

Hlutverk: Verbúð

Tegund: Tóftaþyrping

Staðsetning: A: 712934,690 N:591516,046

Ástand: Gott hleðslur grónar en óskemmdar

²⁴ Sama heimild, bls. 148

Hættumat: Lítil hætta, nema e.t.v. af landbroti vegna sjógangs

Staðhættir

Við vettvangsferð fundust leifar sjóbúða í þremur þyrpingum á syðri Múlatanganum. Tvær þyrpinganna eru austan Múlahafnar á syðsta hluta tangans en hann er aðskilinn frá aðalhlutanum með mjóu klettahafti. Syðri tóftarþyrpingin er stærst en í henni eru a.m.k. 4 greinanlegar samfastar tóftir.

Lýsing

Heildarlengd tóftaþyrpingarinnar er 15m og breidd um 8m. Veggir eru mjög grónir en þó sér víða í steina, sérstaklega í næst syðstu tóftinni en þar er vegghleðsla úr grjóti mjög greinileg. Annars eru tóftirnar, líkt og aðrar tóftir á tanganum, á upphækkun sem bendir til endurbygginga á sama stað. Nyrst er tóft um 4m á breidd og 2m á lengd og dyr hafa verið til norðurs út úr tóftinni. Áföst sunnan hennar er stærri tóft um 4x3m að innanmáli og virðast dyr hafa verið á henni til vesturs. Áföst austan hennar er tóft um 2,5x2,5m að innanmáli og hafa dyr verið á henni í austur. Vegghleðslur eru greinilegastar í þessari tóft. Syðst er svo mjög ógreinileg tóft um 2x1m að innanmáli og eru veggir hennar mun óverulegri en hinna þriggja tóftanna. Vera kann að um sé að ræða leifar eldri tóftar. Veggjaþykkt í tóftaþyrpingunni er 1-2m, þykkastir eru veggirnir við nyrstu tóftina. Hæð veggja er 40-60cm og er vegg hæð mest í nyrstu tóftinni.

Ketilsstaðir 156871 100 - 19

Sérheiti: Múlahöfn

Hlutverk: Hákarlagröf?

Tegund: Heimild

Staðsetning: A: 712933,000 N: 591526,000

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir og lýsing

Í Ferðabók sinni getur Olavíus um minjar við Múlahöfn „Á báðum Landsendunum og eins upp af Múlahöfn eru gamlar verbúðatóttir, og skammt þaðan sá ég einnig nokkrar gryfjur, sem sjómenn hafa notað til að geyma í hákarla- og þorskalifur.²⁵

Engin óyggjandi ummerki fundust um þessar gryfjur en á milli tóftaþyrpinganna tveggja syðst á syðri Múlatanganum var kringlótt hola full af vatni sem kann að vera manngerð. Vera kann að hér sé um að ræða hákarlagröf eða gryfju eins og Olavíus nefnir þær en ekki er hægt að fullyrða um það.

Heimildaskrá

Ólafur Olavíus. *Ferðabók II*. Reykjavík 1965.

Ketilsstaðir 156871 100 - 20

Sérheiti: Múlahöfn

Hlutverk: Lending

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í Ferðabók Olavíusar segir: „Í Bjarnarey er verbúð og róa Vopnfirðingar þaðan og stundum Héraðsbúar. Þá er góð lending í Múlahöfn, yzt við Héraðsflóa að norðan [...]“.²⁶

²⁵ Ólafur Olavíus, *Ferðabók*, bls. 148.


Múlahöfn liggur sunnan Syðri-Múlatanga en engar leifar nausta eða uppsáturs fundust við skráninguna.

Heimildaskrá

Ólafur Olavíus. *Ferðabók II*. Reykjavík 1965.

²⁶ Ólafur Olavíus, *Ferðabók*, bls. 148.

Viðauki við fornleifaskrá



Mynd 12. Horft yfir tún og beitarhús á Krakastöðum. Ljósm. GZ.

Krakastaðir

Auk þeirra minja sem skráðar voru við Kolmúla og í Bjarnarey voru skoðaðar leifar fornbylisins Krakastaða í landi Hallgeirsstaða (Hallgilsstaða) í Hlíð. Þar sem fornbylið stóð áður er nú sléttuð tún og stæðilegar tóftir seinni tíma beitarhúsa og réttar. Í Ferðabók sinni nefnir Ólafur Olavíus fornbylið Krákustaði og segir þá fyrrum kirkjustað.²⁷ Vegna beitarhúsabyggingarinnar og umsvifa henni tengd var ekki hægt að greina merki eldri minja umhverfis og við beitarhúsin. Hins vegar var skráð fornleg tóft rétt vestan túns og líkindi til bæjarhóls norðvestan til í túninu. Ekki er hægt að staðhæfa að um bæjarstæðið sé að ræða.

Hallgeirsstaðir 156860 111 - 1

Sérheiti: Krakastaðir

Hlutverk: Bústaður (?)

Tegund: Tóft

Staðsetning: A: 704047,726 N: 563209,396

Ástand: Sæmilegt, hleðslur jarðsokknar en eitthvað skemmdar af vatni


Hættumat: Lítil hættu

²⁷ Ólafur Olavíus, Ferðabók, bls. 139.

Staðhættir

Í Sveitum og jörðum segir: „Eyðibýlið Krakastaðir er ofanvert við Tunguás og við samnefndan læk um 2,5km inn og suðvestur af bæ, kirkjustaður, segir Olavius, fór í eyði 1752“. (Sjm, 227). Í örnefnalýsingu segir „Rétt ofan við Krakastaðalæk, þar sem hann beygir út með Tunguás áðurnefndum, eru beitarhús sem heita Krakastaðir. Þar var áður býli“. (ÖH, 6-7)

Krakastaðir - fornbýli



Fornleg tóft er um 20m suðvestur af beitarhúsatóftinni, rétt vestan túns efst við brekkurætur austast í mýri vestan túnsins.

Lýsing

Tóftin er um 21-7m að utanmáli og liggur við norðaustur-suðvestur. Hún er mjög jarðsokkin og fornleg og ekki er hægt að greina dyr eða innveggi. Veggjahæð er um 50cm en þykkt veggja mest um 2m. Tóftin liggur að hluta í mýri og lítill lækur hefur grafið sér leið í gegnum veggjatóftarinnar.

Nánari lýsing

Tóftin var eina fornlega tóftin sem fannst við vettvangsskoðun en engin merki túngarðs eða annarra garðlaga fundust. Vera kann að garðlög hafi horfið við túnasléttun. Stærð og lögun tóftarinnar bendir til skálabyggingar en þó kann einnig að vera um útihús að ræða þar sem ekki er með óyggjandi hætti hægt að ákvarða hvort innveggir hafi verið í tóftinni.

Heimildaskrá

Ólafur Olavius. *Ferðabók II*. Reykjavík 1965.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974. Búnaðarsamband Austurlands.

Hallgeirsstaðir 156860 111 - 2

Sérheiti: Krakastaðir

Hlutverk: Bústaður (?)

Tegund: Bæjarhóll (?)

Staðsetning: A704058,177 N: 563238,905

Ástand: Óþekkt, engar minjar sýnilegar

Hættumat: Lítil hættu

Staðhættir

Um 20m norðaustur af áður nefndri „skálatóft“ [156860 111 - 1] er hól í túninu. Ekki var hægt að greina veggjalög í hólnum enda er hann í sléttuðu túni en hóllinn virðist ekki náttúrulegur, í honum eru einhverjar mishæðir. Vera kann að um fornan bæjarhól sé að ræða eða að þar hafi staðið einhverjar tóftir tengdar elsta bæjarstæðinu. Hóllinn er um 15x20m að ummáli.

Niðurstöður

Alls voru skráðar á vettvangi 55 fornleifar þar af 33 í landi Fagradals, 20 í landi Ketilsstaða og 2 í landi Hallgeirsstaða. Flestar minjarnar tengjast útgerð og sjósókn en einnig voru skráð 4 bæjarstæði eða bæjarhólar, útihús og aðrar byggðaleifar þeim tengd, auk mögulegra leifa fornbylis í landi Hallgeirsstaða.

Jörð	Fjöldi fornleifa
Ketilstaðir	33
Fagridalur	20
Hallgeirsstaðir	2
Alls	55

Geta verður þess að hér var ekki um heildarskráningu jarðanna að ræða heldur einungis afmarkað verkefni tengt ritun Árbókar Ferðafélags Íslands 2008 og því er þetta ekki heildaryfirlit minja á jörðunum.

Sökum þess að minjarnar eru allflestar utan alfaraleiða hafa þær að mestu sloppið við jarðrækt og/eða seinni tíma framkvæmdir. Þó hafa á tveimur stöðum verið byggð beitarhús ofan á bæjahólum fornbyla, á Landsenda í landi Ketilsstaða og á Krakagerði í landi Hallgeirsstaða. Sökum þess hve minjarnar eru úrleidis er lítil hættu af völdum framkvæmda hverskyns en á nokkrum stöðum eru minjarnar í hættu af náttúrulegum orsakum.

Minjar í Bjarnarey og Torfulandi

Töluverðar minjar eru í Bjarnarey og skapa þær skemmtilega minjaheild þar sem bæði er að finna fornar búsetuleifar auk ummerkja um skemmri búsetu vegna útgerðar og einnig vegna fuglanytja í seinni tíð. Erfitt er að áætla aldur elstu minja en víst er að minjarnar í eyinni spanna mörg hundruð ára sögu búskapar og landnytja. Þó svo að minjarnar hafi sloppið vel við seinni tíma framkvæmdir eru margar þeirra þó í mikilli hættu vegna aukinnar lundabyggðar í eyinni. Margar tóftanna, þ.m.t. forn bæjarhóll við Stillishöfn eru mjög skemmdir vegna lundabyggðar og ætla má að minjarnar hafi tapað að nokkru fornleifafræðilegu gildi sínu vegna þessa.

Yngstu minjar í eyinni, auk húss þess sem þar stendur nú, eru vísast leifar tengdar æðavarpi á síðustu öld en víða er að finna uppbyggð varpstæði. Föst búseta í eyinni hefur verið stopul lengst af en tóftir síðasta bæjarins, sem fór í eyði 1890, standa enn vel, lítt eða ekkert skemmdar. Bærinn samanstendur af þremur hústöftum og stendur enn hús í syðstu tóftinni og mun það hafa verið reist þar um 1915.

Fornlegur bæjarhóll er syðst á eyinni við Stilli, syðri lendinguna á eyinni sem einnig er nefnd Suðurhöfn. Ekki er ólíklegt að þar kunni að vera bær þeirra sem bjuggu í eyinni þegar manntal var tekið 1703, og jafnvel fyrr. Eins og áður segir er bæjarhóllinn þó orðinn mjög útgrafinn af

lunda og kunna mikilvægar jarðlægar upplýsingar að hafa tapast við það. Sunnan bæjarhólsins eru nokkrir hólur þar sem greinanlega hafa verið tóftir en einnig þær eru sundurgrafnar af lunda og veggjalög harla óglögg. Vera kann að útihús eða aðrar byggingar samtíða bæjarhólnum hafi staðið þar. Einnig kann að vera að þarna hafi verið útgerðarminjar tengdar Stillishöfn.

Leifar verbúða, sjóhúsa og nausta er að finna við Norðurhöfn, nyrðri lendinguna. Þar eru einnig leifar Hofsskála, kofa sem notaður var í tengslum við æðarvarpið á fyrri hluta síðustu aldar. Leifar kofans liggja á veglegri upphækkun og greinilegt er að þar hefur oft verið byggt á sama stað. Aðrar minjar við Norðurhöfn standa á svipuðum rústahólum og er greinilegt að lengi hefur verið gert út frá höfninni. Líkt og í minjum við suðurhöfnina hefur lundi hreiðrað þarna um sig og eru tóftaveggir mjög útgrafnir. Sjóhústóft og leifar grjóthlaðins kofa eru austan Gullborgar. Þessar minjar eru ekki eins skemmdar af fugli og verbúðartóftirnar við Norðurhöfn.

Minjar á Torfu

Leifar verbúða liggja fremst á klettatanga á svokallaðri Torfu og eru minjarnar nokkuð jarðsokknar. Þær eru þó heillegar að öðru leyti en því að þær geta verið í hættu af landrofi bæði austast og vestast á tanganum. Minjarnar eru að mörgu leyti einstakar sökum hrikalegs umhverfis, en aðeins verður komist að tóftunum landveginn um brattar skriður.

Minjar á Landsenda

Á Landsenda í landi Ketilsstaða í Hlíð eru leifar samnefnds fornbylis. Túngarður umlykur bæjarstæðið en stæðileg 20. aldar beitarhúsatóft er á sjálfum bæjarhólnum. Einhver veggjalög sjást við norðurlanghlið tóftarinnar en annars hylur tóftin öll ummerki bæjarhúsa. Túngarðurinn sést við þrjár hliðar túnsins en er horfinn á nokkrum kafla í mýrlendi. Útihúsa- og kofatóftir eru á víð og dreif umhverfis bæjarstæðið og eru allar tóftirnar vel varðveittar. Neðan (austan) túnsins, fremst á bakka ofan lónfjöru eru svo fornlegar bæjarhúsatóftir. Enginn túngarður er umhverfis þær tóftir og virðast þær eldri en aðrar tóftir við túnið. Í móa norðan við tún fornbylisins er vel varðveitt en jarðsokkin stekkjartóft. Norðan svokallaðs Kers nyrst á Landsendanum eru svo vel varðveittar leifar tveggja sjóbúða auk tóftar af bátslaga nausti.

Fyrir utan bæjarhólinn sem beitarhúsin standa á eru tóftir og túngarður óskemmd og eru vart í mikilli hættu vegna framkvæmda sökum staðsetningar sinnar. Þó kann bæjarhúsatóftin á bökkunum neðan túns að vera í einhverri hættu þar sem hún stendur framarlega á bakkanum auk þess sem nokkur vatnsagi er ofan hennar.

Minjar við Múlahöfn

Þrjár tóftapyrpingar, leifar sjóbúða, er að finna á Syðri-Múlatanga norðan við Múlahöfn í landi Ketilsstaða. Tóftirnar eru jarðsokknar en mjög vel varðveittar og sjáanlega ekki í neinni hættu nema e.t.v. vegna sjávargangs. Tóftirnar mynda mjög áhugaverða minjaheild í hrikalegu umhverfi en vegna örðugrar aðkomu verða þær seint fjölsóttar.

Minjar á Krakastöðum í landi Hallgeirsstaða

Þar sem fornbylíð Krakastaðir á að hafa legið er nú sléttað tún og tóftir 20. aldar beitarhúsa. Neðst við brekkurætur efst í sléttuðu túni á beitarhúsunum er þó nokkur hóll sem kann að vera bæjarhóll eða a.m.k. rústahóll einhverskonar þó að engin veggjalög séu greinanleg í honum. Um 20m vestan hans, rétt vestan túnsins, eru svo leifar jarðsokkins langhúss, e.t.v. skálabyggingar. Engin garðlög eru sem benda til túns og tóftin er of óglögg til að hægt sé að fullyrða um notkun hennar en hún er þó nokkuð fornleg og greinanlega mun eldri en tóftir tengdar beitarhúsunum. Líklegast tilheyrir tóft þessi fornbylínu þótt aldur hennar sé óviss.

Niðurlag

Minjarnar sem skráðar voru eru flestar dæmigerðar fyrir fyrri tíðar sjósókn, útgerð og annesjabúskap þar sem sjávarhlunnindi voru mikilvægur þáttur í lífsviðurværi. Sjóbúðir, naust og aðrar útgerðarminjar breyttust lítið í aldanna rás en á mörgum staðanna var greinilegt að þar hefur oftsinnis verið byggt á sama stað. Þar sem svo háttar er oft að finna miklar upplýsingar í jörðu þó svo að veggir sjáist ekki á yfirborði. Það sama er að segja um bæjarhóla þar sem hús hafa verið endurbyggð, stundum um aldalangt skeið.

Margar minjanna væru forvitnilegar til frekari rannsókna og má þar nefna fornar bæjartóftir og bæjarhól á Landsenda, fornar bæjartóftir í Bjarnarey og mögulega skálatóft í landi Krakastaða. Auk þess eru áhugaverðar verbúðaminjar bæði á Torfu og við Múlahöfn en örðug aðkoma að þessum minjum er hinsvegar slík að vart verður þar ráðist í flóknar fornleifarannsóknir.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning þeirra er þekkt út frá heimildum, heimildamönnum eða öðrum ummerkjum í landslagi. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborðinu þótt þær sjáist ekki á yfirborði. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, 2000; *Múlasýslur, Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1847*. Bls. 39-56. Sögufélag og Örnefnastofnun. Reykjavík.

Íslenskt fornbréfasafn III 1262-1415. Kaupmannahöfn, 1896.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripum úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*, Kaupmannahöfn 1847.

Manntal á Íslandi 1703. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands. 1924-1947.

Múlasýslur. Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna. Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands, 2000. (SS)

Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eftir tilskipun 27. Maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Kaupmannahöfn, 1861.

Oddný S. Wium. *Bjarnarey á Vopnafirði*. Í Hlín, Ársriti íslenskra kvenna. **32**. bls. 114-119. Akureyri, 1950.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I, 1974. Búnaðarsamband Austurlands.

Ólafur Olavíus. *Ferðabók II*. Reykjavík 1965.

Óprentað

Hjörleifur Guttormsson. Árbókartexti 2008. Handrit

Örnefnaskrá fyrir Fagradal. Sr. Jakob Einarsson skráði (Heimildamenn: Andrés Sveinsson ofl.). Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnastofnun Íslands. Athugasemdir við Örnefnaskrá Fagradals. Skráð hefur Oddný Magnúsdóttir.

Örnefnaskrá Hallgeirsstaða. Eiríkur Eiríksson skráði 1972, Örnefnastofnun.

Örnefnaskrá Ketilsstaða. Ari Gíslason skráði 1962, Örnefnastofnun.



Byggðasafn Skagfirðinga
2007